

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Vesturbyggð.

*Deiliskipulag Brjánslækjar, Brjánslækjarhafnar og Flókatófta.*

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 20. apríl 2022 deiliskipulag Brjánslækjar, Brjánslækjarhafnar og Flókatófta. Deiliskipulagið felur í sér að afmarka svæði utan um byggðina og þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er s.s. ný landfylling og nýr varnargarður. Auk þess voru afmarkaðir fjórir byggingareitir í tengslum við ferðaþjónustu og fiskvinnslu. Breytingartillagan var auglýst með athugasemdafresti til 11. apríl 2022.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Patreksfirði, 15. september 2022.*

**Óskar Örn Gunnarsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 29. september 2022